

Fundargerð

160. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 20. september 2011 kl. 12⁰⁰–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Ólafur Reynir Guðmundsson (ÓRG)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Halldór Haraldsson (HH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Vinna Úrvinnslusjóðs (ÚS) fyrir stýrinefnd (SN)
- (3) Ákvæði í lögum 55/2003 um rafhlöður og rafgeyma
- (4) Tillaga að skýrslu um starfsemi Úrvinnslusjóðs
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (159. fundar). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina.

2. Vinna Úrvinnslusjóðs (ÚS) fyrir stýrinefnd (SN)

Í framhaldi af fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs með fulltrúum frá Fjársýslu ríkisins 6. september 2011 leggur ÓK fram minnisblað vegna hugsanlegs samnings á milli stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs og Úrvinnslusjóðs annars vegar og Úrvinnslusjóðs og Fjársýslu ríkisins hins vegar. Rætt var verkefni stýrinefndar og ofangreinda samninga.

Að tilmælum fulltrúa atvinnulífsins leggur GGP til að beðið verði með frekari vinnu ÚS fyrir SN, þar með vinnu við ofangreinda samninga FJS og ÚS/SN. Jafnframt verði fundum stýrinefndar frestað að ósk fulltrúa atvinnulífsins þar til þau hafi safnað þekkingu og skilgreint vanda kerfisins. Samþykkt.

3. Ákvæði í lögum 55/2003 um rafhlöður og rafgeyma

Lagður var fram útdráttur úr lögum nr. 55/2003 um rafhlöður og rafgeyma. ÓK fór yfir nýjar skyldur ÚS sem koma fram lögnum en þær snúa m.a. að upplýsinggjöf til kaupenda.

Framkvæmdastjóra ÚS falið að koma með tillögur um það hvernig hægt er að nálgast þetta viðfangsefni og leggja fyrir stjórnarfund.

4. Tillaga að skýrslu um starfsemi Úrvinnslusjóðs

Lögð var fram tillaga, sem ÓRG kynni, um að framkvæma greiningu/samantekt á starfsemi ÚS í samhengi við úrgangsmál almennt.

Fulltrúar atvinnulífsins lögðu til að atvinnulífið myndi fjármagna greininguna og hafa umsjón með henni. Tillagan var samþykkt enda verði lýsing lagfærð. BS og HH falin verkstjórn.

ÓRG yfirgefur fund kl. 13:30

5. Önnur mál

Lagt var fram á fundinum erindi umhverfisráðuneytis um landsáætlun. ÓK fór yfir erindið.

Lagt er fram á fundinum svar umhverfisráðuneytis við erindi LOGOS f.h. Prentsmiðjunnar Odda ehf. ÓK fór yfir niðurstöðu ráðuneytisins.

Lagt var fram á fundinum smámyndayfirlit um rekstrastöðu vörflokka janúar – ágúst 2011. Rætt var sérstaklega um stöðu flokka framköllunarefna og málningar.

Gerð var tillaga að halda ársfund ÚS í lok október. ÓK falið að koma með tillögu að degi.

Að ósk fulltrúa atvinnulífsins verður ekki haldinn fundur í SN fyrr en greining á sjálfbærni núverandi fyrirkomulags við meðhöndlun á úrgangi raf(einda)tækja liggur fyrir.

Næsti fundur ÚS verður 4. október n.k.

Fundi slitið kl 14:00